

Sjúklingakort Teriflunomid Zentiva (teriflúnómíð)

ZENTIVA

**Mikilvægar
öryggisupplýsingar**



**Í samráði við
Lyfjastofnun**

Í sjúklingakortinu eru mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú þarft að gera þér grein fyrir meðan á meðferð með Teriflunomid Zentiva (teriflúnómíð) stendur. Sýndu sjúklingakortið öllum læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að meðferðinni (t.d. í neyðartilvikum). Lestu fylgiseðil Teriflunomid Zentiva fyrir nánari upplýsingar.

Fyllist út af lækni/heilbrigðisstarfsmanni

Nafn sjúklings: _____

Dagsetning fyrstu ávísunar teriflúnómíðs: _____

Heiti heilbrigðisstofnunar: _____

Nafn meðferðarlæknis: _____

Símanúmer meðferðarlæknis: _____

Aukaverkanir

Lyfið getur haft áhrif á lifrarstarfsemi. Það getur einnig haft áhrif á blóðfrumnafjölda og ónæmisvarnir líkamans og getur valdið aukinni áhættu á sýkingum/alvarlegum sýkingum.

Hafðu strax samband við lækinn ef þú færð eitthvert eftirfarandi einkenna:

- Húð eða augnhvíta verður gulleit (gula), óútskýrð ógleði eða uppköst, kviðverkir eða dekkra þvag en vanalega. Það getur bent til lifrarsjúkdóms.
- Hár hiti, hósti, kuldahrollur, bólgnir kirtlar, minnkuð eða sársaukafull þvaglát. Það getur bent til sýkingar.

Teriflúnómíð

Öryggis-/umræðuleiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

IS/H/0469/001/DC

ZEN_teriflunamide_2025-07v.01

Samþykkt af lyfjastofnun í október 2025

Fyrir konur á barneignaraldri, þ.m.t. stúlkubörn, og foreldra/ umönnunaraðila þeirra

- Teriflunamid Zentiva má ekki nota handa þunguðum konum. Þú þarft að vera viss um að þú sért ekki þunguð áður en þú byrjar á meðferð með Teriflunamid Zentiva. Læknirinn biður þig um þungunarpróf til öryggis áður en hann ávísar Teriflunamid Zentiva.
- Þú þarft jafnframt að nota örugga getnaðarvörn samkvæmt ráðleggingum læknisins. Læknirinn muni veita ráðgjöf um hugsanlega áhættu fyrir fóstur og þörfina á öruggri getnaðarvörn
- Hafðu samband við lækinn ef þú vilt nota aðra tegund getnaðarvarnar eða verða þunguð.
- Ef þú verður þunguð eða ef þig grunar að þú sért þunguð þá skaltu strax hætta að taka Teriflunamid Zentiva og hafa tafarlaust samband við lækinn.
- Ef þú verður þunguð getur verið að læknirinn ráðleggi úthreinsun Teriflunamid Zentiva úr líkamanum þannig að brotthvarf lyfsins gangi hraðar fyrir sig.
- Ef þú ert með barn á brjósti eða ráðgerir að hafa barn á brjósti skaltu tafarlaust ráðfæra þig við lækinn.
- Foreldrar eða umönnunaraðilar stúlkna eiga að hafa samband við lækinn þegar fyrstu tíðablæðingar hefjast til þess að fá ráðgjöf um hugsanlega áhættu fyrir fóstur á meðgöngu og viðeigandi getnaðarvarnir.

TILKYNNING AUKAVERKANA

Ef grunur leikur á aukaverkunum vegna lyfsins skal tilkynna það til Lyfjastofnunar Íslands (www.lyfjastofnun.is). Vinsamlegast látið eins miklar upplýsingar fylgja og mögulegt er þegar tilkynnt er um aukaverkun. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

Teriflúnómíð

Öryggis-/umræðuleiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

IS/H/0469/001/DC

ZEN_teriflunamide_2025-07v.01

Samþykkt af lyfjastofnun í október 2025

Teriflúnómíð

Öryggis-/umræðuleiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

IS/H/0469/001/DC

ZEN_teriflunamide_2025-07v.01

Samþykkt af lyfjastofnun í október 2025

Alvogen ehf, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur, sími 522-2900